# Ólafsfjarðarbær

## Ársreikningur

## 2002

Ólafsfjarðarbær
Ólafsvegi 4
625 Ólafsfirði

kt. 490269-2079

# Efnisyfirlit


| | | | |
|---|---|---|---|
| Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra .................. | 2 | Efnahagsreikningur .......................................... | 5 |
| Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna ....... | 3 | Yfirlit um sjóðstreymi ...................................... | 7 |
| Rekstrarreikningur ............................................ | 4 | Skýringar .......................................................... | 8 |

# Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Ólafsfjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Helsta breyting á reikningsskilum sveitarfélagsins snýr að nýrri skipan rekstrareininga þess, en starfseminni er nú skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Rekstur Eignasjóðs Ólafsfjarðarbæjar og Veitustofnana Ólafsfjarðarbæjar er nú í sérsökum stofnunum og fyrirtækjum, en var áður innifalinn í rekstri bæjarsjóðs ásamt aðalsjóði að frátöldum rekstri hitaveitu og vatnsveitu sem var í sérstökum fyrirtækjum.

Rekstrarartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 417,9 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 404,2 millj.kr. Rekstrartekjur A hluta námu 375,1 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 351,0 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Álagningahlutfall fasteignaskatts nam 0,45% vegna íbúðahúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 31,1 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 14,0 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 20,4 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 11,0 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok var neikvætt um 89,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta var neikvætt um 224,1 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 241,9 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 60 stöðugildum.

Íbúafjöldi Ólafsfjarðarbæjar 1. desember 2002 var 1.041 sem er fjölgun um 6 frá fyrra ári.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Ólafsfjarðarbæjar fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Ólafsfirði, 2003.

Bæjarstjórn:

Bæjarstjóri:

# Áritun endurskoðenda

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Ólafsfjarðarbæjar fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í áritun bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 33. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sveitarfélagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Árið 2002 varð 31,1 millj. kr. tap á rekstri sveitarfélagsins og eigið fé þess var neikvætt um 89,9 millj. kr. í árslok. Samtala veltufjármuna var 85,6 millj. kr. lægri en samtala skammtímaskulda í árslok og hafði veltufjárstaðan versnað um 43,0 millj. kr. frá árinu á undan. Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi er miðað við framreikning upphafslegs stofnverðs að frádregnum árlegum afskriftum. Framsetning skulda miðast við að afborganir fari fram á umsömdum gjalddögum. Réttmæti þessara forsendna er háð því að umbætur verði í rekstrarafkomu og fjármögnun sveitarfélagsins.

Það er álit okkar, að teknu tilliti til framangreinds fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Akureyri, 2003.

***KPMG Endurskoðun Akureyri hf.*** ***Kjörnir skoðunarmenn***

# Rekstrarreikningur ársins 2002

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 2002 | Sveitarsjóður A hluti Áætlun | Samantekið A og B hluti 2002 | Samantekið A og B hluti Áætlun |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | | |
| Skatttekjur | | 250.328 | 249.825 | 245.513 | 249.825 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | | 64.919 | 53.509 | 64.919 | 53.509 |
| Aðrar tekjur | | 59.864 | 47.636 | 107.422 | 100.861 |
| | 16 | 375.111 | 350.970 | 417.854 | 404.195 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 17 | 224.880 | 197.910 | 241.891 | 215.026 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 130.303 | 130.240 | 132.562 | 147.841 |
| Afskriftir | 20-21 | 12.899 | 12.433 | 30.807 | 29.506 |
| | | 368.082 | 340.583 | 405.260 | 392.373 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 7.029 | 10.387 | 12.593 | 11.822 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 18 | ( 27.386) | ( 21.361) | ( 43.742) | ( 25.784) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)** | 28 | ( 20.357) | ( 10.974) | ( 31.149) | ( 13.962) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 2002 | Sveitarsjóður A hluti 2001 | Samantekið A og B hluti 2002 | Samantekið A og B hluti 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir | | 307.443 | 303.889 | 544.772 | 565.114 |
| Veitukerfi | | | | 137.252 | 145.569 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 2.315 | | 27.223 | 20.855 |
| | 20-21 | 309.758 | 303.889 | 709.247 | 731.538 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 25 | 19.659 | 18.202 | 19.659 | 18.202 |
| Langtímakröfur | 26 | 42.709 | 45.062 | 8.351 | 8.422 |
| | | 62.368 | 63.264 | 28.010 | 26.625 |
| Fastafjármunir | | 372.126 | 367.153 | 737.257 | 758.163 |
| **Veltufjármunir:** | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur | 27 | 28.588 | 36.443 | 33.642 | 42.848 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | | 13.054 | | |
| Næsta árs afborganir af langtímakröfum | 26 | 5.910 | 5.396 | 2.894 | 2.570 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 5.782 | 2.854 | 9.152 | 4.169 |
| Handbært fé | 8 | 1.714 | 14.708 | 1.714 | 14.708 |
| Veltufjármunir | | 41.994 | 72.455 | 47.402 | 64.295 |
| **Eignir samtals** | | 414.120 | 439.608 | 784.659 | 822.458 |

**Eignir utan efnahagsreiknings** ................................................ 23-24

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 2002 | Sveitarsjóður A hluti 2001 | Samantekið A og B hluti 2002 | Samantekið A og B hluti 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 28 | ( 224.085) | ( 203.728) | ( 89.888) | ( 58.739) |
| **Skuldbindingar:** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 29 | 145.490 | 129.902 | 145.490 | 129.902 |
| **Langtímaskuldir:** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 30 | 353.442 | 385.452 | 596.039 | 644.398 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 12.782 | | 12.782 | |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 22.451 | 37.090 | | |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 31 | 59.419 | 60.114 | 66.949 | 68.291 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 44.620 | 30.778 | 53.287 | 38.606 |
| | | 139.272 | 127.982 | 133.018 | 106.897 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 638.205 | 643.336 | 874.547 | 881.197 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 414.120 | 439.608 | 784.659 | 822.458 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 32 | | | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2002

| | | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 2002 | Áætlun | 2002 | Áætlun |
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð) | 28 | ( 20.357) | ( 10.974) | ( 31.149) | ( 13.962) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir | 20-21 | 12.899 | 12.433 | 30.807 | 29.506 |
| Verðbætur og gengismunur langtímaliða | 18 | 5.062 | | 9.176 | |
| Breyting skuldbindinga | 29 | 19.027 | | 19.027 | |
| Veltufé frá rekstri | | 16.631 | 1.459 | 28.593 | 15.544 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 4.927 | ( 539) | 4.223 | 2.000 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 13.842 | 4.655 | 14.681 | 13.200 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 18.769 | 4.116 | 18.904 | 15.200 |
| Handbært fé frá rekstri | | 35.400 | 5.575 | 47.497 | 30.744 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 20-21 | ( 18.768) | ( 15.470) | ( 34.797) | ( 23.220) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | | | 25.550 | 1.200 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í félögum | | ( 1.476) | ( 2.500) | ( 1.476) | ( 2.500) |
| Söluverð eignarhluta í félögum | | 42 | | 42 | |
| Langtímakröfur, breyting | | 2.801 | 2.938 | ( 59) | 1.500 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 17.401) | ( 15.032) | ( 10.740) | ( 23.020) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | | |
| Afborgun lífeyrisskuldbindingar | 29 | ( 3.439) | | ( 3.439) | |
| Tekin ný langtímalán | | 23.686 | 40.000 | 36.470 | 47.450 |
| Afborganir langtímalána | | ( 62.437) | ( 59.407) | ( 95.564) | ( 64.878) |
| Viðskiptareikningar eigin fyrirtækja, breyting | | ( 1.585) | | | |
| Skammtímalán, hækkun | | 12.782 | | 12.782 | |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 30.993) | ( 19.407) | ( 49.751) | ( 17.428) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 12.994) | ( 28.864) | ( 12.994) | ( 9.704) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 14.708 | 14.708 | 14.708 | 14.708 |
| **Handbært fé í árslok** | | 1.714 | ( 14.156) | 1.714 | 5.004 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

***Grundvöllur reikningsskilanna***

1. Ársreikningur Ólafsfjarðarbæjar árið 2002 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr 45/1998.

   Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir og Veitustofnun.

   Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Að öðru leyti en því sem fram kemur í skýringum 13 - 15 byggir ársreikningurinn í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

   Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

***Innlausn tekna***

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

   Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

***Verðlags- og gengisviðmið***

3. Skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2002. Eignir og skuldir sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikningnum miðað við verðlag í árslok. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

***Varanlegir rekstrarfjármunir***

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

***Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna***

5. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Byggingar ........................................ | 25 - 40 ár |
| Veitukerfi ........................................ | 25 ár |
| Vélar, áhöld og tæki ........................................ | 5 - 10 ár |

***Eignarhlutir í öðrum félögum***

6. Í ársreikningnum eru eignarhlutir í félögum færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarsjóðs til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

*Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur*

7. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annarsvegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hinsvegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

*Handbært fé*

8. Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

*Eignir utan efnahagsreiknings*

9. Lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

*Lífeyrisskuldbindingar*

10. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2001 og framreiknuð með vísitölu lífeyrisskuldbindinga. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 29.

*Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

11. Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 32.

*Fjárhagsáætlun*

12. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2002 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi.

## Breytingar á reikningsskilaaðferðum

*Skipan rekstrareininga í A hluta og B hluta*

13. Helsta breyting á reikningsskilum sveitarfélagsins snýr að nýrri skipan rekstrareininga þess, en starfseminni er nú skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Rekstur Eignasjóðs Ólafsfjarðarbæjar og Veitustofnana Ólafsfjarðarbæjar er nú í sérsökum stofnunum og fyrirtækjum, en var áður innifalinn í rekstri bæjarsjóðs ásamt aðalsjóði að frátöldum rekstri hitaveitu og vatnsveitu sem var í sérstökum fyrirtækjum.

*Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna*

14. Á grundvelli reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga eru fasteignir aðalsjóðs færðar til eignasjóðs, auk ýmissa annarra varanlegra rekstrarfjármuna sem eru færðir til annarra stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Þessir varanlegu rekstrarfjármunir eru yfirfærðir á framreiknuðu kostnaðarverði eða á reiknuðu viðmiðunarverði, að frádregnum afskriftum. Hér er einkum um að ræða þær húseignir í eigu sveitarfélagsins, sem þjóna lögbundnum verkefnum þess, svo sem leikskóla, grunnskóla, íþróttamannvirki og önnur mannvirki sem tilheyra A hluta starfseminnar. Varanlegir rekstrarfjármunir aðalsjóðs voru áður eignfærðir á fasteignamati eða kostnaðarverði og ekki afskrifaðir.
    Fjárfestingar í lausafé og gatna- og fráveituframkvæmdir voru áður færðar til gjalda á fjárfestingarári en eru nú eignfærðar og afskrifaðar miðað við áætlaðan nýtingartíma. Fráveituframkvæmdir voru ekki eignfærðar áður, en voru færðar til Veitustofnunar á framreiknuðu afskrifuðu kostnaðarverði.

    Fastafjármunir Félagslegra íbúða eru nú afskrifaðir um 2,5% á ári frá kaupári í stað áður reiknaðra afskrifta sem voru á bilinu 0,5 - 1,0% á ári. Breyting vegna þessa er færð til lækkunar á fastafjármunum og til lækkunar á eigin fé.

    Samanburðarfjárhæðum í ársreikningnum hefur verið breytt til samræmis við framangreindar breytingar.

***Niðurfelling verðleiðréttra reikningsskila***

15. Í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001 er ekki færð verðleiðrétting í ársreikning sveitarfélagsins. Ekki eru lengur færð áhrif verðlagsbreytinga í rekstrarreikning og eignir sem áður voru endurmetnar miðað við breytingu á fasteignamati eru nú færðar á kostnaðarverði. Áhrif þessa á rekstrarreikning eru þau að niðurstaða rekstrarins er ekki á meðalverðlagi ársins og framangreindar eignir eru ekki færðar á verðlagi í lok ársins eins og áður var.

Í samræmi við alþjóðlegar reglur um breytingar úr verðleiðréttum reikningsskilum í óverðleiðrétt er samanburðarfjárhæðum í reikningnum ekki breytt.

## Rekstrartekjur

16. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2002 | Áætlun | 2002 | Áætlun |
| Skatttekjur: | | | | |
| Útsvar | 229.943 | 229.100 | 229.943 | 229.100 |
| Fasteignaskattar | 20.385 | 20.725 | 15.570 | 20.725 |
| | 250.328 | 249.825 | 245.513 | 249.825 |
| Jöfnunarsjóður: | | | | |
| Framlag vegna fasteignaskatts | 12.350 | 9.800 | 12.350 | 9.800 |
| Þjónustuframlag | 22.862 | 17.339 | 22.862 | 17.339 |
| Framlög vegna grunnskóla | 29.707 | 26.370 | 29.707 | 26.370 |
| | 64.919 | 53.509 | 64.919 | 53.509 |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður samtals | 315.247 | 303.334 | 310.432 | 303.334 |
| Aðrar tekjur: | | | | |
| Þjónustutekjur | 44.664 | 35.002 | 79.540 | 77.589 |
| Eignatekjur | 8.800 | 7.969 | 19.783 | 18.357 |
| Endurgreiðslur | 3.297 | 2.485 | 5.631 | 2.485 |
| Aðrar tekjur | 3.103 | 2.180 | 2.467 | 2.430 |
| | 59.864 | 47.636 | 107.422 | 100.861 |
| Rekstrartekjur samtals | 375.111 | 350.970 | 417.854 | 404.195 |

## Laun og launatengd gjöld

17. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2002 | Áætlun | 2002 | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 174.116 | 165.155 | 188.897 | 180.516 |
| Launatengd gjöld | 31.737 | 29.070 | 33.967 | 30.825 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 19.027 | 3.685 | 19.027 | 3.685 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 224.880 | 197.910 | 241.891 | 215.026 |
| Stöðugildi að meðaltali | 55 | | 60 | |

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 10,6 millj. kr. á árinu 2002.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

18. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2002 | Áætlun | 2002 | Áætlun |
| Vaxtatekjur | 12.144 | 10.239 | 2.688 | 11.167 |
| Vaxtagjöld | ( 34.468 ) | ( 31.600 ) | ( 37.254 ) | ( 36.951 ) |
| Verðbætur | ( 5.062 ) | 0 | ( 9.176 ) | 0 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | ( 27.386 ) | ( 21.361 ) | ( 43.742 ) | ( 25.784 ) |

## Heildaryfirlit um rekstur

19. Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | | 321.712 | 321.712 | 309.803 |
| Félagsþjónusta | 26.795 | 2.220 | ( 24.575 ) | ( 25.573 ) |
| Heilbrigðismál | 552 | | ( 552 ) | ( 702 ) |
| Fræðslumál | 175.635 | 17.521 | ( 158.114 ) | ( 153.941 ) |
| Menningarmál | 20.094 | 2.874 | ( 17.221 ) | ( 15.544 ) |
| Æskulýðs og íþróttamál | 70.649 | 16.288 | ( 54.361 ) | ( 52.415 ) |
| Brunamál og almannavarnir | 5.135 | 116 | ( 5.018 ) | ( 4.659 ) |
| Hreinlætismál | 12.151 | 7.515 | ( 4.636 ) | ( 4.227 ) |
| Skipulags- og byggingarmál | 2.759 | 208 | ( 2.551 ) | ( 3.945 ) |
| Samgöngumál | 7.474 | 3.333 | ( 4.141 ) | ( 7.353 ) |
| Umhverfismál | 4.994 | | ( 4.994 ) | ( 4.939 ) |
| Atvinnumál | 6.481 | 93 | ( 6.388 ) | ( 6.639 ) |
| Sameiginlegur kostnaður | 73.477 | 17.008 | ( 56.469 ) | ( 35.049 ) |
| Fjármagnsliðir | 40.515 | 32.863 | ( 7.652 ) | ( 7.983 ) |
| Aðalsjóður samtals | 446.711 | 421.751 | ( 24.959 ) | ( 13.166 ) |
| A hluta stofnanir: | | | | |
| Eignasjóður | 51.293 | 55.895 | 4.602 | 2.192 |
| Millifærslur | ( 69.672 ) | ( 69.672 ) | | |
| A hluti samtals | 428.331 | 407.974 | ( 20.357 ) | ( 10.974 ) |
| B hluta fyrirtæki: | | | | |
| Félagslegar íbúðir | 24.912 | 18.135 | ( 6.777 ) | ( 3.475 ) |
| Veitustofnun | 58.162 | 61.085 | 2.923 | 487 |
| Innri færslur A og B hluta | ( 36.476 ) | ( 43.414 ) | ( 6.938 ) | |
| A og B hluti samtals | 474.929 | 443.780 | ( 31.149 ) | ( 13.962 ) |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

### A hluti

20. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Veitukerfi | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2002 | 776.307 | 0 | 0 | 776.307 |
| Afskrifað áður | ( 472.418 ) | 0 | 0 | ( 472.418 ) |
| Bókfært verð 1.1.2002 | 303.889 | 0 | 0 | 303.889 |
| Viðbót á árinu | 16.413 | 0 | 2.354 | 18.768 |
| Afskrifað á árinu | ( 12.860 ) | 0 | ( 39 ) | ( 12.899 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2002 | 307.443 | 0 | 2.315 | 309.758 |
| Afskriftahlutföll | 2,5-4,0% | | 20,0% | |

### A og B hluti

21. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Veitukerfi | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2002 | 1.074.438 | 618.952 | 58.162 | 1.751.551 |
| Afskrifað áður | ( 509.324 ) | ( 473.382 ) | ( 37.306 ) | ( 1.020.013 ) |
| Bókfært verð 1.1.2002 | 565.114 | 145.569 | 20.855 | 731.538 |
| Viðbót á árinu | 24.931 | 0 | 9.866 | 34.797 |
| Afskrifað á árinu | ( 20.192 ) | ( 8.317 ) | ( 2.298 ) | ( 30.807 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2002 | 544.772 | 137.252 | 27.223 | 709.247 |
| Afskriftahlutföll | 2,5-4,0% | 4,0% | 10,0-20,0% | |

22. Bókfært verð fasteigna og veitukerfa sveitarfélagsins, og vátryggingarverðmæti þeirra greinast þannig í ársok:

| A hluti: | Vátryggingar-verð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Leikskólar | 34.153 | 18.301 |
| Skólar | 266.541 | 35.690 |
| Íþróttahús og sundlaugar | 306.378 | 199.074 |
| Þjónustuhúsnæði | 269.429 | 44.179 |
| Íbúðir | 25.038 | 10.199 |
| Samtals A hluti | 901.539 | 307.443 |
| **B hluti:** | | |
| Veitukerfi | 585.100 | 137.252 |
| Íbúðir | 291.400 | 237.329 |
| Samtals B hluti | 876.500 | 374.582 |
| Samtals A og B hluti | 1.778.039 | 682.024 |

23. Í eigu sveitarfélagsins eru ýmsir lausafjármunir sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða áhöld og tæki sem notuð eru við daglegan rekstur stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Þessar eignir hafa verið færðar í sérstaka eignaskrá sem er hluti af bókhaldsgögnum aðalsjóðs.

24. Tryggingarverð lausafjármuna, sbr. skýringu 23, nam í árslok 86,5 millj. kr. og greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Félagsþjónusta | 5.933 |
| Fræðslumál | 19.140 |
| Menningarmál | 1.863 |
| Æskulýðs og íþróttamál | 14.126 |
| Brunamál og almannavarnir | 6.283 |
| Sameiginlegur kostnaður | 7.057 |
| Veitustofnun | 32.100 |
| | 86.503 |

## Áhættufjármunir og langtímakröfur

25. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| | | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|---|
| | Eignarhlutur | Bókfært verð | Bókfært verð |
| Bonus Ortho System Ísland hf. | 0,91% | 1.445 | 1.445 |
| Finnurinn hf. | 95,80% | 2.868 | 2.868 |
| Fiskeldi Eyjafjarðar hf. | 0,04% | 248 | 248 |
| Hafnasamlag Eyjafjarðar bs. | | 10.524 | 10.524 |
| Tækifæri hf. | 0,24% | 2.536 | 2.536 |
| Sorpeyðing Eyjafjarðar bs. | | 1.038 | 1.038 |
| Sparisjóður Ólafsfjarðar | | 1.000 | 1.000 |
| | | 19.659 | 19.659 |

26. Afborganir af verðbréfaeign í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Gjaldfallið | 864 | 864 |
| Árið 2003 | 5.046 | 2.030 |
| Árið 2004 | 4.623 | 1.469 |
| Árið 2005 | 4.084 | 785 |
| Árið 2006 | 4.239 | 789 |
| Árið 2007 | 4.366 | 757 |
| Síðar | 25.397 | 4.550 |
| Verðbréfaeign samtals | 48.619 | 11.245 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | ( 5.910 ) | ( 2.894 ) |
| Verðbréfaeign í efnahagsreikningi samtals | 42.709 | 8.351 |

## Skammtímakröfur

27. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 13.564 | 28.364 |
| Tapaðar kröfur á árinu | ( 3.266 ) | ( 7.797 ) |
| Gjaldfærð niðurfærsla á árinu | 3.002 | 5.632 |
| Niðurfærsla í árslok | 13.300 | 26.200 |

## Eigið fé

28. Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | ( 210.834 ) | ( 75.765 ) |
| Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna, breyting | 7.106 | 17.026 |
| Leiðrétt eigið fé 1.1. 2002 | ( 203.728 ) | ( 58.739 ) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | ( 20.357 ) | ( 31.149 ) |
| Eigið fé 31.12. 2002 | ( 224.085 ) | ( 89.888 ) |

## Lífeyrisskuldbinding

29. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum starfsmanna í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í árslok 2001 framreiknuðum samkvæmt vísitölu lífeyrisskuldbindinga námu skuldbindingar aðalsjóðs 145,5 millj. kr. í árslok 2002 miðað við 2,0% ársvexti. Hækkun skuldbindinganna á árinu nam 15,6 millj. kr. Breytingin greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1.1.2002 | 129.902 | 129.902 |
| Greitt á árinu | ( 3.439 ) | ( 3.439 ) |
| Gjaldfært á árinu | 19.027 | 19.027 |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok 2002 | 145.490 | 145.490 |

## Langtímaskuldir

30. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 10.892 | 13.854 |
| Skuldir í JPY | 0 | 2.827 |
| Skuldir í EUR | 0 | 4.719 |
| Skuldir í SDR | 309 | 309 |
| | 11.201 | 21.710 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 401.661 | 641.278 |
| Næsta árs afborganir | ( 59.419 ) | ( 66.949 ) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals | 353.442 | 596.039 |

31. Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Árið 2003 | 59.419 | 66.949 |
| Árið 2004 | 48.810 | 56.480 |
| Árið 2005 | 40.756 | 48.369 |
| Árið 2006 | 35.631 | 43.279 |
| Árið 2007 | 35.631 | 42.021 |
| Síðar | 192.614 | 405.891 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 412.862 | 662.988 |

## Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

32. Á aðalsjóði hvíla ýmsar ábyrgðarskuldbindingar gagnvart þriðja aðila að fjárhæð 4,2 millj. kr. í árslok 2002.

Aðalsjóður er í einfaldri ábyrgð á skuldbindingum Hafnasamlags Eyjafjarðar b.s. og Sorpeyðingar Eyjafjarðar b.s. en innbyrðis skiptist ábyrgð sameigenda skv. íbúatölu þeirra 1. desember næstliðins árs.

## Lykiltölur

33. Yfirlit um lykiltölur:

| | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur | Áætlun | Ársreikningur | Áætlun |
| ***Í hlutfalli við rekstrartekjur:*** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld .............................. | 60,0% | 56,4% | 57,9% | 53,2% |
| Laun og launatengd gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga .................. | 54,9% | 55,3% | 53,3% | 52,3% |
| Annar rekstrarkostnaður ............................... | 34,7% | 37,1% | 31,7% | 36,6% |
| Fjármagnsliðir, nettó .................................... | 7,3% | 6,1% | 10,5% | 6,4% |
| Rekstrargjöld ................................................ | 102,0% | 99,6% | 100,1% | 96,2% |
| Rekstrarniðurstaða ........................................ | ( 5,4% ) | ( 3,1% ) | ( 7,5% ) | ( 3,5% ) |
| ***Í þúsundum krónum á íbúa:*** | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður ...................... | 303 | 291 | 298 | 291 |
| Þjónustutekjur og aðrar tekjur ...................... | 58 | 46 | 103 | 97 |
| Tekjur samtals .............................................. | 360 | 337 | 401 | 388 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir ................... | 380 | 348 | 431 | 402 |
| Rekstrarniðurstaða ........................................ | ( 20 ) | ( 11 ) | ( 30 ) | ( 13 ) |
| Eignir .......................................................... | 398 | 422 | 754 | 790 |
| Eigið fé ........................................................ | ( 215 ) | ( 196 ) | ( 86 ) | ( 56 ) |
| Skuldir .......................................................... | 613 | 618 | 840 | 846 |
| ***Aðrar lykiltölur:*** | | | | |
| Veltufjárhlutfall............................................. | 0,30 | 0,57 | 0,36 | 0,60 |
| Eiginfjárhlutfall, (neikvætt).......................... | ( 0,54 ) | ( 0,46 ) | ( 0,11 ) | ( 0,07 ) |
| Breyting á íbúafjölda: | 2002 | 2001 | 2002 | 2001 |
| Íbúafjöldi 1. desember .................................. | 1.041 | 1.035 | 1.041 | 1.035 |